

Ed.
um Skálholtsskóla.

592. Frumvarp til laga

[213. mál]

(Eftir 2. umr. í Ed., 28. apríl.)

Samhljóða þskj. 433 með þessari breytingu:

8. gr. hljóðar svo:

Um fjárveitingar úr ríkissjóði til Skálholtsskóla gildir eftirfarandi:

- a) Rekstrarkostnaður skólans skal greiddur að fullu annar en rekstrarkostnaður heimavistar, sem greiðist 80%.
- b) Stofnkostnaður þess kennsluhúsnæðis, sem byggt verður eftir gildistöku laga þessara, skal greiddur úr ríkissjóði að 80% og skal hið sama gilda um heimavist.

Þó skal framlag ríkissjóðs samkvæmt þessum staflaðum miðast að hámarki við kostnað í ríkisskólum á framhaldsskólastigi.

Skilyrði fjárframlaga til rekstrar er að menntamálaráðuneytið samþykki árlega áætlanir um rekstrarkostnað.

Framlög til stofnkostnaðar greiðast eftir því sem fé er veitt til í fjárlögum, enda liggja áður fyrir samþykki stjórnvalda fyrir nýjum byggingarframkvæmdum þegar um þær er að ræða.

Nú er skóli þessi lagður niður eða svo fer, að ekki er hagnýtt í þágu skólans skólahúsnæði hans, hvort sem er til kennslu eða heimavistar, og skal þá menntamálaráðherra og kirkjuráð sameiginlega taka ákvörðun um ráðstöfun húsnæðisins í samræmi við lög nr. 82/1963.

Stofnkostnaður- og rekstrarreikningur skal gerður í janúarmánuði og sendur ásamt fylgiskjöllum ríkisendurskoðun til endurskoðunar.